

Samkomulag Ferðamálasamtaka Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga um Markaðsstofu Vestfjarða Samþykkt á stjórnarfundum Fjórðungssambandsins 13. Mars 2013.

Lagt er til að Markaðsstofa Vestfjarða í núverandi mynd verði lögð niður í samræmi við samþykktir hennar og stofnuð deild innan Fjórðungssambands Vestfirðinga sem taki við núverandi starfsemi Markaðsstofu. Nafn deildarinnar verði Markaðsstofa Vestfjarða.

Fjárhagsgrunnur Markaðsstofu Vestfjarða eru árleg framlög sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt samþykkt Fjórðungssþings Vestfirðinga, framlag Ferðamálasamtaka Vestfjarða og samningur við Ferðamálastofu. Markaðsstofa Vestfjarða mun að auki vinna að sérverkefnum sem fjármögnuð er til mislangs tíma. Þannig mun Markaðsstofa Vestfjarða hafa á árinu 2013 umsjón heildstæðu markaðsverkefni „Vestfjarðaklasi“ samkvæmt tillögu í Sóknaráætlun landshluta – Sóknaráætlun Vestfjarða.

Hlutverk Markaðsstofu Vestfjarða er að;

- laða að innlenda og erlenda ferðamenn til Vestfjarða með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi
- vinna að kynningar og markaðsstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum sem ákjósanlegan búsetukost.
- vinna með stoðkerfi atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum að kynningar og markaðsmálum ferðaþjónustu, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Innra skipulag Markaðsstofu Vestfjarða

-Fjórðungssamband Vestfirðinga ber fjárhagslega og stjórnsýslulega ábyrgð á starfsemi Markaðsstofu Vestfjarða þar með talin daglegan rekstur og starfsmannamál.

Sett verði á laggirnar ráðgjafarráð Markaðsstofu Vestfjarða sem skipað er þrem fulltrúum úr stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða og tveim fulltrúum skipaðir af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Ráðgjafarráð velur sér formann og markaðsfulltrúi vinnur með ráðgjafarráði að verkefnum þess.

Hlutverk ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða er;

- mótun starfssviðs, framtíðarsýnar og langtímastefnu í markaðs og kynningarmálum.
- mótun tillögu að framkvæmdaáætlun innan hvers starfsárs í samræmi við árleg framlög
- Stefnumörkun og tillögur ráðgjafarráðs eru lagðar fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga til samþykktar.
- Ráðgjafaráð og markaðsfulltrúi skila árlegri skýrslu til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um framkvæmd verkefna og ráðstöfun framlaga.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga ræður markaðsfulltrúa til starfa að undangenginni umsögn ráðgjafaráðs.

Markaðsstofa Vestfjarða vinnur í nánú samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum um starfsemi og uppbyggingu upplýsingamiðstöðva ferðamanna á Vestfjörðum. Haft verði að viðmiði að lágmarki starfi ein upplýsingarmiðstöð ferðamanna á eftirtöldum svæðum, Strandir og Reykhólahreppur, sunnanverðir Vestfirðir og norðanverðir Vestfirðir. Áhersla er lögð á samstarf við upplýsingarmiðstöðvar um kynningu á Vestfjörðum sem áfangastaðar ferðamanna, útgáfu kynningarefnis og miðlun þess innan sem utan Vestfjarða.